

Verklags- og úthlutunarreglur - Starfsmannafélag Kópavogs

Starfsmenntasjóður

1. gr. Um sjóðinn

Starfsemi starfsmenntasjóðs Starfsmannafélags Kópavogs fer eftir samþykktum sem gilda um sjóðinn.

2. gr. Réttindi í sjóðnum

- a) Einungis félagsfólk Starfsmannafélags Kópavogs getur fengið styrk úr sjóðnum og þarf það að hafa greitt félagsgjöld í félagssjóð í a.m.k. 6 mánuði á 12 mánuðum.
- b) Við ákvörðun styrksupphæðar er miðað við greidd félagsgjöld síðustu 12 mánaða. Til þess að njóta fullra réttinda í sjóðinn þurfa félagsgjöld að vera a.m.k. 20.000 krónur. Hlutastarfandi er veittur styrkur í hlutfalli við greidd félagsgjöld sl. 12 mánuði.
- c) Félagsfólk þarf að vera í starfi bæði þegar sótt er um styrk og þegar hann er notaður.
- d) Félagsfólk sem hefur ekki íslensku að móðurmáli getur sótt um styrk vegna íslenskukennslu/námskeiðs í þeim tilvikum sem vinnuveitandi styrkir ekki.
- e) Félagsfólk á eftirlaunum og þeir sem eru atvinnulausir og eða í fæðingarorlofi sem greiða stéttarfélagsgjöld getur nýtt sér áður áunnin rétt í eitt ár eftir starfslok eða atvinnumissi.

3. gr. Fjárhæðir styrkja vegna náms/námskeið

- a) Hámarksfjárhæð styrkja
 - Félagsfólk getur að hámarki fengið allt að 150.000 krónur í styrk á 12 mánaða tímabili.
 - Félagsfólk sem ekki hefur nýtt sér rétt síðustu 36 mánuði á rétt á styrk allt að 300.000 krónur. Fyrir eitt samfellt nám/námskeið samkvæmt reglum sjóðsins að uppfylltum skilyrðum 2. gr. þessara úthlutunarreglna.
- b) Hvað er styrkt:
 - Nám í framhaldsskóla og nám/námskeið sem eykur almenna starfshæfni til dæmis á sviði tölvutækni, sjálfstyrkingar og tungumála er styrkhæft óháð starfi, allt að 150.000 krónur.
 - Grunnám og meistaranám á háskólastigi er styrkt allt að 75.000 krónur.

4. gr. Fjárhæðir styrkja vegna skipulagðar ráðstefnur, náms- og kynnisferðir

- a) **Sjá Bókun 1. við 4. gr. Starfsmenntasjóðs. Bókun 1. þessi er aftast í reglum Starfsmenntasjóðs.**

5. gr. Fjárhæðir styrkja vegna lífsleikninámskeiða og tómstundanámskeiða

- a) Hámarksfjárhæð styrkja
 - Félagsfólk getur að hámarki fengið allt að 25.000 krónur, án beinnar tengingar við starf, á 12 mánaða fresti.
- b) Hvað er styrkt:
 - Lífsleikninámskeið og tómstundanámskeið allt að 25.000 krónur.

7. Gr Hvað er ekki styrkhæft:

- Uppihald og fæðiskostnaður, ferðir innan borga og sveitarfélaga, bensínkostnaður, launatap og námsgögn.
- Námskeiðskostnaður maka, barna eða aðrar nákominnar er ekki styrktur.
- Námskeiðskostnaður sem þegar hefur verið styrktur úr öðrum sjóði er ekki styrktur.

8. gr. Umsókn

Umsóknum skal skila inn með rafrænum hætti á mínum síðum Starfsmannafélags Kópavogs. Sé viðeigandi gögnum ekki skilað innan 3ja mánaða frá dagsetningu umsóknar er litið svo á að umsækjandi hafi dregið umsókn sína til baka.

9. gr. Umsókn og gögn

- a) Umsækjendur skulu vanda frágang umsókna sem þeir senda sjóðnum. Í umsókn þarf að tilgreina:
 - Lýsingu á námi og námskeiði
 - Lýsing á náms- eða kynnisferð ásamt staðfestingu yfirmanns og dagskrá
 - Hvenær fyrirhugað er að sækja nám, námskeið eða náms- eða kynnisferð
 - Aðrar upplýsingar sem skýra umsókn
- b) Með umsókn þarf að fylgja:
 - Reikningur vegna náms, námskeiðs/skólagjalda og náms- og kynnisferða skal vera númeraður og merktur viðeigandi stofnun ef við á.
 - Greiðslukvittun á nafni umsækjanda og/eða staðfesting á skólavist ef við á þar sem fram kemur greiðsla skólagjalds/innritunargjalds.
- c) Heimilt er að endursenda ófullnægjandi umsóknir.

10. gr. Greiðslur úr sjóðnum

- a) Umsækjandi sem hlotið hefur styrk úr sjóðnum á sl. 12 mánaða tímabili getur að hámarki hlotið styrk sem nemur ónotuðu hlutfalli af hámarksupphæð.
- b) Sjóðsstjórn getur ekki heimilað frávík frá hámarksfjárhæðum.

11. gr. Útborgun styrks

- a) Greiðslur úr sjóðnum fara fram eftir að umsækjandi hefur gert grein fyrir kostnaði með því að leggja fram afrit löglegra reikninga.
- b) Aðrir reikningar s.s. vegna ferðakostnaðar skulu vera númeraðir og stimplaðir og sannanlega komnir vegna kostnaðar námstækifæris. Reikningurinn skal einnig vera merktur með nafni og kennitölu sjóðsfélaga.

12. gr. Tíðni styrkveitinga og afdrif umsókna

- a) Félagsfólk með full réttindi getur fengið hámarksstyrk sbr. 3. gr. þessara verklags- og úthlutunarreglna. Þannig getur félagsfólk sótt um fleiri en einn styrk á tímabilinu, þar til hámarksupphæð er náð.
- b) Umsókn um styrk verður að berast innan árs frá lokum náms. Ekki er unnt að skila inn reikningi sem er eldri en 12 mánaða frá umsóknardegi.

- c) Tvígreiðsla eða ofgreiðsla. Ef mistök verða við afgreiðslu styrksúmsóknar eða við greiðslu styrks munu starfsmenn sjóðsins leitast við að leiðrétta þau eins og fljótt og hægt er. Félagsfólk skal tilkynna sjóðnum ef um ofgreiðslu er að ræða og endurgreiða ofgreidda upphæð þegar í stað.
- d) Ef umsækjandi dregur úmsókn sína til baka áður en styrkur er greiddur þá hefur úmsóknin engin áhrif á réttindi umsækjanda hjá sjóðnum.

13. gr. Skattskyldir styrkir

- a) Námskeiðsstyrkir eru skattskyldir, en heimilt er að færa kostnað til frádráttar skv. reglum skattayfirvalda.
- b) Veittir styrkir eru forskráðir á skattframtali.

14. gr. Málskot

Heimilt er að vísa ágreiningi um úthlutun eða réttindi til stjórnar Starfsmannafélags Kópavogs. Erindið skal berast skriflega eigi síður en 15. hvers mánaðar

15. gr. Endurskoðun verklags- og úthlutunarreglna

- a) Verklags- og úthlutunarreglur þessar skulu sæta endurskoðun í febrúar ár hvert út frá fjárhagsstöðu sjóðsins.
- b) Reglurnar geta tekið breytingum samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni og eru þær kynntar á heimasíðu félagsins.

16. gr. Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar þann 5.7.2024 og taka gildi þá. Við gildistöku falla úr gildi eldri verklags- og úthlutunarreglur og aðrar ákvarðanir sem ekki eru í samræmi við reglur þessar.

Bókun 1. við gr. 4 í Starfsmenntasjóð Starfsmannafélags Kópavogs.

4. gr. Vegna ráðstefnu, náms- og kynnisferða

Starfsmenntasjóður veitir styrki vegna ráðstefnu, náms- og kynnisferða sem tengjast starfi. Þeir sem geta sótt um styrk til sjóðsins eru félagsfólk sem greitt hefur verið af í Starfsmenntasjóði. Sjóðurinn veitir eingöngu styrk vegna kostnaðar við þátttöku félagsfólks Starfsmannafélags Kópavogs

Umsókn skal skilað til sjóðsins á þar til gerðu umsóknarblaði inn á heimasíðu félagsins, stkop.is. Stjórn Starfsmannafélags Kópavogs afgreiðir fyrst styrkloforð með samningi sem gerður er á milli stjórnar Starfsmannafélags Kópavogs og styrkþega. Fullnaðaruppgjör og greiðsla styrkja fer fram eftir að fullnægjandi gögnum hefur verið skilað að ferð lokinni, öllum gögnum skal skilað á nafni og kennitölu styrkþega. Allar umsóknir eru teknar fyrir á stjórnarfundum sem haldnir eru á mánaðarfrest eða eins oft og þurfa þykir.

1. Við mat á umsóknum um styrk til sjóðfélaga vegna ráðstefnu, náms- og kynnisferða gilda eftirfarandi reglur;

Þegar tilskilin gögn liggja fyrir skulu eftirtalin atriði m.a. höfð til hliðsjónar við mat á umsóknum:

1. Meta skal umsóknir með hliðsjón af því að námið nýtist starfssviðum starfsmanns. Við mat á umsóknum um styrki úr sjóðnum er horft til þess hvernig þau verkefni sem um ræðir séu til þess fallin að efla símenntun starfsmanna þeirra sem aðild eiga að sjóðnum og stuðla að markvissri starfsþróun þeirra sbr. réttindi og hlutverk sjóðsins. Þegar veittur er styrkur úr sjóðnum skulu styrkþegi vera í starfi, bæði þegar sótt er um og þegar styrkurinn er nýttur.
2. Hver styrkþegi getur fengið styrk skv. gr. 4 í Starfsmenntasjóði á þriggja ára fresti (einu sinni á hverjum 36 mánuðum miðað við framkvæmdartíma síðustu úthlutunar úr Mannauðssjóði KSG). Ferðatími, matar- og kaffitími telst ekki til dagskrártíma. Launakostnaður félagsmanna telst ekki til námskeiðskostnaðar.
3. Allir styrkir eru greiddir eftir á og eru greiddir gegn framvísun kvittana fyrir kostnaði og staðfestingu um þátttöku.
4. Sjóðurinn veitir eingöngu styrk vegna kostnaðar við þátttöku félagsfólks Starfsmannafélags Kópavogs sem aðild eiga að sjóðnum og greitt hefur verið af til sjóðsins.
5. Ákvæði í reglum og samþykktum Starfsmenntasjóðs Starfsmannafélags Kópavogs
6. Faglegt gildi ferðarinnar og skal þá haft í huga hvort um er að ræða ráðstefnu, nám- eða kynnisferð innanlands eða erlendis.
7. Umfang dagskrár. Miða skal við að dagskrá náms- og kynnisferða erlendis standi yfir skemur en sem nemur 10 klukkustundum og dreifast á tvo daga, dagskrá innanlands 7 klukkustundir.
8. Tekið er mið af tímasetningu/framkvæmdartíma síðustu styrkveitingar úr Mannauðssjóði KSG, hvenær sveitarfélag/stofnun getur sótt um styrkveitingu að nýju.

2. Styrkur til ráðstefnu, náms- og kynnisferða erlendis er 150.000 krónur á 36 mánaða fresti

Miða skal við að dagskrá náms- og kynnisferða erlendis standi yfir ekki skemur en sem nemur 10 klukkustundum

Ef sambærileg námskeið eru í boði innanlands er ferða og gistikostnaður undanskilinn heildarkostnaði og því ekki styrktur ef námskeiðið er haldið erlendis. Færa þarf skýr rök fyrir því að námskeið þurfi að fara fram erlendis.

3. Styrkur til ráðstefnu náms- og kynnisferða innanlands er 100.000 krónur á 36 mánaðar fresti

Veittir eru styrkir vegna ferðakostnaðar og gistingar ef áfangastaður er í 100 km eða lengra frá heimabyggð.

Miða skal við að dagskrá náms- og kynnisferða erlendis standi ekki yfir skemur en sem nemur 7 klukkustundum

4. Tíðni styrkveitinga

Félagsfólk hlýtur að jafnaði ekki styrk oftari en á þriggja ára fresti vegna ráðstefnu, náms- og kynnisferða. Er þá miðað við styrk úr Mannauðssjóði KSG.

5. Ef sótt er um styrki til annarra aðila

Umsækjendur tilgreini styrki sem sótt er um til annarra aðila.

6. Fylgigögn með umsókn

- Bréf frá stofnun/vinnustað umsækjanda, þar sem upplýsingar er um tilhögun, tilgang og markmið ferðarinnar. Bréf þetta skal vera áritað af yfirmanni og staðarval rökstutt.
- Lýsing á því fræðsluverkefni sem sótt er um, skipulag verkefnisins, efnisinntak, áætluð framkvæmd, dagskrá, kostnaðaráætlun, aðrir styrkir og framlag umsækjanda.
- Þátttakendalisti félagsmanna skal einnig fylgja.
- Dagskrá ferðar (lengd faglegrar dagskrár erlendis skal vera að lágmarki 10 klukkustundir og dreifast á a.m.k. tvo daga, innanlands skal dagskrá vera að lágmarki 7 klukkustundir)
- Hlekkur á vefsíðu og dagskrá þarf að fylgja umsókn um ráðstefnu
- Afrit að farseðli eða hliðstæð kvittun vegna útlagðs kostnaðar

Reikningur má ekki vera eldri en 12 mánaða og ekki gefinn út fyrir þann tíma sem styrkþegi öðlaðist rétt í sjóðinn

7. Frágangur og rökstuðningur

Vanda skal frágang umsókna, rökstyðja hvernig styrkurinn nýtist félagsfólki í starfi og til starfsþróunar. Heimilt er stjórn að endursenda umsókn ef hún inniheldur ekki fullnægjandi upplýsingar um verkefnið.

9. Gildistími

Um er að ræða tímabundinn gildistíma vegna lokunar á styrkveitingum úr Mannauðssjóði KSG og gildir því til 31.12.2024

Stjórn Starfsmannafélags Kópavogs samþykkir Bókun 1. við gr. 4. í Starfsmenntasjóð Starfsmannafélags Kópavogs og er um tímabundna bókun að ræða eða til 31.12.2024. Hafi sameining Mannauðssjóðs KSG, Kjalar og Samflots skv. bókun 3 [2024], í núgildandi kjarasamning, ekki gengið eftir mun stjórn Starfsmannafélags Kópavogs endurskoða Bókun 1. við gr. 4. í Starfsmenntasjóð að þeim tíma liðnum með hliðsjón af stöðu Starfsmenntasjóðs og fl.

Sjóðstjórn er heimilt að víkja frá framangreindum starfsreglum með stöðu sjósins að leiðarljósi hvenær sem er á tímanum

Reglur þessar taka gildi frá og með 5. júlí 2024 og gilda til 31.12.2024